

7. Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn á Bakkafirði, fimmtudaginn 19.febrúar 2015 kl. 16^o.

Mættir; Svala Sævarsdóttir, Járnbrá Ólafsdóttir, Heiðrún Óladóttir, María Guðmundsdóttir, Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir, Klara Sigurðardóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritar fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemdir við fundarboð en svo var ekki.

1. María greinir frá Nýsköpunarverðlaunum í opinberri þjónustu, þar sem Grunnskólinn á Bakkafirði fékk sérstaka viðurkenningu fyrir fjölbreytta kennsluhætti og nýsköpun við Grunnskólann á Bakkafirði.

Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði til að þróa frekar vinnustofur sínar og útbúa vinnuspjöld til að nýta í vinnustofunum, þannig að efnið verði aðgengilegt til að dreifa í fleiri skóla.

María og Bylgja hafa kynnt þetta á Vopnafirði og í Mosfellsbæ.

Reynslan hefur sýnt að þetta gefst mjög vel fyrir 6.bekk og eldri, en telja yngri bekkina ekki ráða eins vel við kennsluformið.

Skólanámskráin er að verða tilbúin og í yfirlestri hjá Ingvari Sigurgeirssyni.

Bekkjarnámskrárnar eru í vinnslu.

Ingvar kom í nóvember til ráðgjafar.

Skóla var aflýst 15.desember 2014 vegna veðurs.

Meirihluta haustannar og til 20.janúar var fenginn matur sendur frá Þórshöfn sem gekk þokkalega en Freydís er svo aftur mætt til starfa.

Talnalykill kom mjög vel út, allir nemendur yfir meðaltali.

Samræmdu prófin gengu eins mjög vel og skólinn stoltur af sínum nemendum.

Tveir nemendur fóru í NordPlus ferð til Eistlands með hópi frá Þórshöfn og voru þeir ánægðir með það.

Námsmat fór fram í janúar.

Dagur íslenskrar tungu og 1.des hátíð var höfð samtímis.

Ingveldur stefnir á að koma á fund til Bakkafjarðar 24.febrúar með foreldrum, til að ræða um samskipti Kadri við starfsfólk og nemendur hér, sem hafa alls ekki verið nógu góð.

Litlu- jól voru með aðeins breyttu sniði og höfð að kvöldi til sem skemmtun með foreldrum og starfsfólki. Borðaður góður matur og farið í leiki.

Aðeins einn nemandi tók þátt í jólatónleikum Tónlistarskólans, vegna veðurs.

Öskudagur var vel heppnaður, krakkarnir taka sig til saman í skólanum, ganga svo í hús að syngja fyrir nammi. Koma svo aftur í skólann til að skipta namminu og svo er öskudagsball kl 17.

Leikskólinn var opnaður 1.febrúar og eru 2 börn á honum enn sem komið er og gengur mjög vel. Elva Rún Guðmundsdóttir er starfsmaður þar.

Skólastjóri lýsir miklum áhyggjum af áætluðum niðurskurði sem settur er fram í drögum að fjárhagsáætlun Grunnskólans á Bakkafirði fyrir 2015.

Skólaþjónusta Norðurþings hefur komið tvisvar á haustönn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:10